

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er sumarfríið á enda og nýtt skólaár að hefjast. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og forráðamenn velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins í vetur. Skólakynning verður fyrir nemendur og foreldra á föstudaginn 22. ágúst kl. 8:30 í Mörkinni. Skólasetning verður svo í Björnslundu sama dag kl. 16:15.

Skólinn hefst svo stundvíslega samkvæmt stundaskrá klukkan 8:30 mánudaginn 25. ágúst.

1. bekkur kemur inn í anddyri hjá Íþróttasal og 2. bekkur kemur inn í anddyri Nes. Þar verða merktir snagar þar sem nemendur hengja af sér yfirhafnir og ganga frá skóm. Skólataskan fer í merkt hólf í töskuskáp sem er framan við kennslusvæðin/heimastofur.

Í vetur eru 5 umsjónarhópar. Nemendur mæta í sína heimastofu í upphafi dags en stofurnar heita Reykjavík, Suðurvellir, Hænuvík og Kríuvellir. Lista með nöfnum barnanna og umsjónarkennara má finna fyrir utan stofurnar þegar börnin mæta 25. ágúst.

Fyrstu dagarnir fara í að kynnast hvert öðru og aðlagast skólastarfinu í leik og starfi.

Skóla lýkur 13:30 alla daga vikunnar. Þau börn sem eru skráð í Klapparholt eftir skóla fara beint þangað en aðrir nemendur fara heim.

Minnum foreldra á að klæða börnin ávallt samkvæmt veðri.

Mikilvægt er að borða hollan og góðan morgunverð áður en nemendur mæta í skólann. Skráning í ávaxtastund og mat í skólanum fer fram á síðunni Vala skólamatur (matur.vala.is/umsokn).

Hlökkum til samstarfsins með ykkur í vetur.

Bestu kveðjur, 1. og 2. bekkjarteymið.

Umsjónarkennarar (sjá mynd):

Frá vinstri: Unnur B. Stefánsdóttir, Belinda Ýr Hilmarsdóttir, Lilja Bjarnþórsdóttir, Flóki Jakobsson, Linda H. Þórðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Cherie Quimada. Á myndina vantar Birki Hallbjörnsson

Sérkennari: Lilja Bjarnþórsdóttir.

Fjölmenningsarkennari: Nicolai Gabríel Lanz

Stuðningsfulltrúar: Cherie og Birkir

